

Aðgerðir til að mæta manneklu og efla mannauð á frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum

Teymið leggur fram 17 hugmyndir sem annars vegar geta nýst sem bráðaaðgerðir til að mæta manneklu og hins vegar sem aðgerðir til lengri tíma sem bæta starfsaðstæður á frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum borgarinnar. Tillögunum er ekki forgangsraðað.

1. Fjármagn til að efla liðsheild og mæta auknu álagi.
2. Hækka efnis- og rekstrarkostnað í frístundaheimilum og sértæku félagsmiðstöðvunum.
3. Eingreiðsla til stjórnenda vegna álags.
4. Námsleyfi.
5. Breyta hæfniskröfu í starfi frístundaleiðbeinanda í almennu frístundaheimilunum.
6. Tímavinnustarfsmenn skilgreindir sem mánaðarstarfsmenn.
7. Greiða kaffitímamann í yfirvinnu.
8. Starfsmenn fái strætókort.
9. Starfsmenn fái umbun eftir 6 mánaða starf í frístundaheimili eða sértækri félagsmiðstöð.
10. Forgangur fyrir börn starfsmanna leikskóla og frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva í vistun í leikskóla og frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum.
11. Fækka börnum á hvern starfsmann
12. Bæta við stöðugildi í forsendulíkan frístundaheimila til að sinna síðdegishressingu og móttöku barna.
13. Skapa fleiri 100% heilsársstörf og tryggja þannig m.a. tómstunda- og félagsfræðingum störf í skóla- og frístundastarfi.
14. Laga launasetningu aðstoðarforstöðumanna.
15. Unnið verði að betri aðbúnaði fyrir börn og starfsmenn þ.e. húsnaði og aðbúnaði.
16. Starfsþróun starfsmanna, auka ábyrgð með aukinni reynslu.
17. Aukið samstarf við HÍ og HR vegna vettvangsnáms og skoða möguleika á launuðu starfsnámi og að nemendur gætu fengið einingar fyrir launað starf á vettvangi.